

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 16/2023

frá 3. febrúar 2023

um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2058 frá 28. febrúar 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um seljanleikatímabil fyrir óhefðbundnu eiginlíkansaðferðina, eins og um getur í 7. mgr. 325. gr. bd ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2059 frá 14. júní 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar kröfur um afturvirkar prófanir og úthlutun á hagnaði og tapi skv. 325. gr. bf og 325. gr. bg reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2060 frá 14. júní 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind eru viðmið til að meta möguleikann á gerð líkana fyrir áhættuþætti samkvæmt eiginlíkansaðferðinni (IMA) og tilgreina tíðni þess mats skv. 3. mgr. 325. gr. be þeirrar reglugerðar ⁽³⁾.
- 4) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 14azze (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1011) í IX. viðauka við EES-samninginn:

„14azzf. **32022 R 2058**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2058 frá 28. febrúar 2022 um viðbætur við reglugerð

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 276, 26.10.2022, bls. 40.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 276, 26.10.2022, bls. 47.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 276, 26.10.2022, bls. 60.

Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla um seljanleikatímabil fyrir óhefðbundnu eiginlíkansaðferðina, eins og um getur í 7. mgr. 325. gr. Bd (Stjtíð. ESB L 276, 26.10.2022, bls. 40).

14azzg. **32022 R 2059**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2059 frá 14. júní 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar kröfur um afturvirkar prófanir og úthlutun á hagnaði og tapi skv. 325. gr. bf og 325. gr. bg reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 (Stjtíð. ESB L 276, 26.10.2022, bls. 47).

14azzh. **32022 R 2060**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/2060 frá 14. júní 2022 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreind eru viðmið til að meta möguleikann á gerð líkana fyrir áhættuþætti samkvæmt eiginlíkansaðferðinni (IMA) og tilgreina tíðni þess mats skv. 3. mgr. 325. gr. be þeirrar reglugerðar (Stjtíð. ESB L 276, 26.10.2022, bls. 60).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldu reglugerðanna (ESB) 2022/2058, (ESB) 2022/2059 og (ESB) 2022/2060, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 4. febrúar 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.